

Tillaga sem Flokkur fólksins vill leggja fram í Mannréttinda- og Lýðræðisráði

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að mannréttindi- og lýðræðisráð beiti sér fyrir lausnum í samvinnu við velferðaráð og velferðarsvið til að rjúfa þá félagslegu- og menningarlegu einangrun sem innflytjendur í Fellahverfi búa við. Réttur þeirra er að geta samlagast íslensku samfélagi með eðlilegum hætti.

Greinargerð

Nú er svo komið að stór hópur innflytjenda í Reykjavík hefur einangrast félagslega og menningarlega. Komið hefur fram að 70% af Fellaskóla eru börn innflytjenda. Gera má því skóna að fjölmargir innflytjendur hafi þar að leiðandi ekki náð að tengjast borgarsamfélaginu og blandast því með eðlilegum hætti. Að hópur innflytjenda hafi ekki fengið tækifæri til að blandast þeirri þjóð sem það hefur ákveðið að tilheyra, heldur lokast af á afmörkuðu svæði í borginni er mannréttindamál.

Ekki er að sjá að stefna borgarinnar í þessum málum hafi verið árangursrík. Í það minnsta hefur ekki tekist að forða innflytjendum frá því að einangrast eins og nú hefur gerst. Þeir sem flutt hafa til Íslands og sest hér að til frambúðar eiga rétt á að fá fullt tækifæri til að blandast samfélaginu bæði menningarlega og félagslega.